

167. fundur í skólanefnd

Þriðjudaginn 2. desember 2014 kl. 16:16-17:30

Mættir voru: Dóra, Erna, Gunnar Árnason, Halldór, Halldóra, Helena og Herdís.

Forföll: Lilja, Trausti og Þorkell. Þau boðuðu ekki forföll og því voru varamenn ekki kallaðir til.

Fundarstjóri: Erna.

Fundarritari: Herdís.

1. Nýtt vinnumat kennara

Dóra kynnti ferli við nýtt vinnumat kennara. Vinnumatið byggir á kjarasamningnum sem framhaldsskólakennarar samþykktu í vor en í því felst mat á vinnu við kennsluþáttinn í starfi kennara. Gera þarf vinnumat í hverjum áfanga sem kenndur er í framhaldsskólum landsins. Í febrúar 2015 munu kennarar kjósa um hvort taka skuli upp nýtt vinnumat og verði það samþykkt skulu skólar hefja störf samkvæmt því 1. ágúst 2015.

2. Námskrá

Herdís kynnti stöðuna í námskrárvinnu í FSH. Stefnnt hefur verið að því að hefja kennslu samkvæmt nýrri námskrá haustið 2015 og miða stúdentspróf við 240 framhaldsskólaeiningar. Nýlega hafa þó borist upplýsingar um að framhaldsskólar í nágrenni við FSH ætli að fækka feiningum til stúdentsprófs og þarf því að endurmeta stöðuna eftir áramót í samræmi við það. Ef farin verður sú leið að fækka feiningum til stúdentsprófs við FSH mun það hugsanlega dragast til haustsins 2016 að hafin verði kennsla samkvæmt nýrri námskrá.

3. Rekstraráætlun

Dóra greindi frá því að rekstraráætlun fyrir árið 2015 hefði verið skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytis þann 27. nóvember sl. Samkvæmt fjárlögum næsta árs mun FSH fá tæpar 144 mkr. í rekstrarfé en fékk 149 mkr. á síðasta ári. Nú er nemendagólf skólans ekki lengur í gildi og er því um nokkra skerðingu á rekstrarfé að ræða. Rekstraráætlun næsta árs hljóðar upp á 5,5 mkr. halla sem er innan þeirra marka sem leyfilegt er. Rekstur skólans á yfirstandandi ári er á áætlun.

4. Ytra mat

Dóra greindi frá því að um þessar mundir væri unnið að skýrslu um ytra mat á skólanum. Úttektaraðilar heimsóttu skólann þann 10. og 11. nóvember sl., skoðuðu aðstæður í skólanum og tóku viðtöl við starfsfólk og nemendur. Áður höfðu stjórnendur skólans sent þeim ýmis gögn varðandi skólastarfið. Stefnnt er að því að skýrslunni verði skilað á næstu vikum.

5. Skólafundur

Dóra sagði frá skólafundi sem haldinn var þann 18. nóvember sl. Fundurinn hófst á því að Gunnar Baldursson greindi frá niðurstöðum nemendakönnunar sem framkvæmd var í haustbyrjun. Tveir nemendur fluttu íslenska dægurlagatexta í tilefni þess að dagur íslenskrar tungu var 16. nóvember. Eftir það skiptu nemendur og starfsfólk sér í hópa og ræddu um mögulegar námsbrautir við FSH, hugsanlega menningarferð á vorönn, fyrirkomulag dillidaga og árshátíð skólans. Stjórn nemendafélagsins mun, ásamt Dóru, fara yfir niðurstöður skólafundarins og vinna úr þeim.

6. Prófin framundan

Dóra og Herdís fjölluðu um prófatíðina sem framundan er. Níu prófadagar eru á önninni. Að þessu sinni eru 10 áfangar með 70-75% vægi á lokaprófi en það finnst stjórnendum slæmt í ljósi þess að unnið er að því að taka upp leiðsagnarmat þar sem álag í áföngum er jafnað yfir önnina. Þetta verður rætt við kennara á kennarafundum á næstunni.

7. Önnur mál

Dóra greindi frá því að þrír nemendur hefðu fengið skriflegar áminningar vegna brota á skólareglum. Einn fékk áminningu vegna tóbaksnotkunar í skólanum og tveir vegna áfengisnotkunar í skólaferð. Tveir þessara nemenda eru undir 18 ára aldri og hefur því verið haldinn fundur með foreldrum þeirra. Allir þessir nemendur hafa skrifað undir áminningarbréfin og verið gert kunnugt um að gerist þeir brotlegir við skólareglur í tvígang til viðbótar muni það að varða brottvikningu úr skólanum.

Dóra sagði frá því að sífellt væri verið að leita leiða til að efla heilbrigði starfsfólks við skólann. Starfsfólki FSH hefur verið boðið að taka þátt í íþróttatímum með starfsfólki Borgarhólsskóla en jafnframt stendur starfsfólki FSH til boða að fá niðurgreiðslu á líkamsræktar- og sundkortum.

Dóra sagði frá því að fimmtudaginn 4. desember yrði haldinn söngsalur og pizzuveisla í skólanum.

Dóra greindi frá heimsókn Kristjáns Þórs í nóvember þar sem hann ræddi við nemendur um mikilvægi þess að hafa ástríðu fyrir því sem maður tekur sér fyrir hendur hverju sinni, setja sér skýr markmið og halda sig við þau.

Dóra sagði frá því að tveir starfsmenn félagsþjónustunnar í Þingeyjarsýslum hefðu komið á starfsmannafund þann 26. nóvember sl. til að kynna fyrir starfsfólki FSH verklagsferli við að tilkynna mál til barnaverndarnefndar. Var fundurinn haldinn í kjölfar þess að starfsmaður við skólann tilkynnti eineltismál til barnaverndarnefndar án vitundar skólameistara. Fjallað var um þetta eineltismál á síðasta skólaneftardarfundum. Á starfsmannafundinum var farið yfir það hvernig skuli standa að tilkynningum til barnaverndarnefndar og mun skólinn á næstunni setja sér verklagsreglur í þessum efnum.

Dóra sagði frá leiksýningu Þíamúsar og Þispu, „Beðið eftir Go.Com.Air“, eftir Ármann Guðmundsson í leikstjórn Sigurðar Illugasonar. Leikritið var sýnt í nóvember við góðar undirtektir.

Dóra greindi jafnframt frá kaffihúsakvöldinu Gunnu sem haldið var í síðustu viku. Mæting var óvenju góð og þótti kvöldvakan vel heppnuð.

Að síðustu sagði Dóra frá því að Rafnar Orri Gunnarsson hefði verið ráðinn til þess að útbúa kynningarmyndband fyrir skólann.

Fleira var ekki rætt,
fundi slitið.